

Umhverfiráðsfundur barna 10. og 17. janúar 2018



Fundarmenn eru elstu börnin, Prestir, í Lundi.

Svartprestir 10./01 og Skógarprestir 17./01. Fundargerðir sameinaðar.

Anna Borg, leikskólastjóri, fundarstjóri og Berglind Jónsdóttir, deildarstjóri og ritari fundarins ábyrgðarmaður fyrir eftirliti á deildum.

Dagskrá fundar:

1. Takast í hendur

2. Fara yfir fundarreglur:

Allir minntir á Bínureglurnar!

Rétta upp hönd til að fá að tala eða svara.

3. Umhverfiráð og umhverfiráðherra.

Hvað er umhverfi? Skógur, lauf, heimurinn, mosi, hraunið, sjór, gras, fiskar, trén, við megum ekki höggva öll trén. Umhverfið er svo viðkvæmt, allir þurfa að passa umhverfið.

Hvað er umhverfiráð? Það erum við sem sitjum hér á fundinum.

Hvað eru umhverfiráðherrar? Það erum við og við eigum að fara í eftirlit um leikskólann og athuga að allar deildar séu að standa sig vel í að slökkva ljósin, stilla ofnana rétt (2,5) og flokka rétt og vera góðar fyrirmyndir.

Velja ráðherra í næstu eftirlitsferð:

1. Matthías, Iðunn, Emil, Anna

2. Frosti, Katrín, Torfi, Natallía

3. Þorsteinn, Hulda, Magnús, Emilía

4. Þórhildur, Víkingur, Sylvía Helga, Janiru

4. Hvar er Grænfáninn á Norðurbergi? Í lóðinni rétt hjá Tröllagili og Álafasteini.

5. **Hvað sjáið þið á myndinni?** Það er jörðin og græni liturinn er einsog náttúran, grasið og trén. Þarna er líka bók þar sem búið að fylla eina blaðsíðu en hin er tóm fyrir okkur að skrifa í. Það er líka kall í miðjunni sem heldur á tré, hann er að hugsa fallega um náttúruna. Hringurinn táknar jörðina.

6. **Hvað þurfum við að gera til að hafa Grænfánann?** Skólinn okkar hugsar vel um umhverfið og náttúruna, við moltum matinn og við flokkum pappír, plast, ál ofl. í endurvinnslukassana. Náttúran er miklævg. Við förum í Sorpu og við flokkum til pappír, pappu og mjólkurfernur sem fara stóra gáminn. Svo flokkum við plast, gler, ál, ljósaperur.

7. **Rifja upp Sorpuferðina:** Við sáum fullt af ruslatunnum, við sáum líka að fólk hafði ekki flokkað vel ruslið sitt! Við vorum vaktuð í rútunni og við

vorum 4 tonn! Við sáum Ragga-ruslakall, hann var búinn til úr rusli, mest plasti einsog pela, dúkkufót og öðru skrítnu. Við sáum líka Herkúles sem er risastór vél sem tættir niður allt sorp sem við endurnýtum ekki, það er síðan gerðir baggar sem eru settir í landfyllingu í Álfsnesi. Á Herkúles er segull sem flokkar málm úr hrúgunni! Svo sáum við hvernig búinn var til kassi úr pappa og pappír og það fór til Svíþjóðar og þeir búa til klósettpappír og dagblöð og fleira úr gamla pappírnum. Við sáum hauskúpu með x yfir, rautt x og það þýðir að það er eitur. Svo að lokum fengum við að sjá Trjáálfana og Anna Borg sagði að við gætum séð þá á næsta fundi.

8. **Fara í umhverfisgátlistann og fylla út saman:** Við svörðuðum spurningum um stöðu umhverfismála í leikskólanum, um neyslu og úrgang, með brosköllum, annað hvort fýlukall eða broskall og það var nú meira af borsköllum af því að við á Norðurbergi erum svo dugleg að flokka og hugsa um umhverfið og náttúruna. Við náðum ekki að svara öllu í dag og klárum það á næsta fundi. En Anna Borg sendir listann með pósti til mömmu og pabba svo þau sjáið hvað við vorum að gera. Við getum notað taupoka í stað plastpoka af því að dýrin geta borðað plastið og það er ekki gott. Við eigum að gefa fuglunum afgangsmat.

9. **Önnur mál:** ekkert það undir enda tíminn búinn!!!

Ritari fundarins:
Berglind Mjöll Jónsdóttir